skip á Islandi, er byggt sje á innbyrðis ábyrgð, en þannig, að landssjóður leggi **83**
fram hæfilegan styrk, bæði til stofnunar fjelagsins, og til þess að tryggja viðhald 27. maí
þess fyrst um hríð eptir að það er stofnað.

Með tilliti til þessa skal jeg fyrst láta þess getið, að þegar um allmörg ár hefir verið til, án nokkurs opinbers styrks, ábyrgðarfjelag fyrir fiskiveiðaþilskip við Eyjafjörð, byggt á innbyrðis ábyrgð, og að greiddar hafa verið samkvæmt fjárlögunum fyrir 1892 og 1893, 10. gr. C. 4. 4000 krónur til sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu, til þess að koma á stofn ábyrgðarfjelagi fyrir Vestfirði, sem jeg þó ekki veit til að komið sje á laggirnar enn. Aptur á móti hefur það ekki heppnazt, þótt opt hafi verið til þess reynt, að koma á fót ábyrgðarfjelagi fyrir fiskiveiðaþilskip þau, sem gjörð eru út við Faxaflóa, og hafa tilraunirnar einkanlega strandað á því, að hlutaðeigandi skipaeigendur hafa ekki viljað láta tilleiðast að ganga í slíkt fjelag. Það sýnist þannig ekki vera nein sjerleg þörf á þilskipaábyrgðarfjelagi fyrir allt landið, og það er meira að segja mjög vafasamt, hvort eyfirzka ábyrgðarfjelið, sem á talsverðan sjóð, mundi vilja hverfa inn í slíkt fjelag. Aptur á móti verður að viðurkenna það, að mjög mikil þörf er á sjóábyrgð fyrir þau skip, sem gjörð eru út í suðuramtinu og vesturamtinu, — í austuramtinu er engin eða svo sem engin þilskipaútgjörð — en þá kemur aptur fram sú spurning, hvort það ábyrgðarfjelag, sem er að myndast fyrir Vestfirði, mundi vilja vera saman við ábyrgðarfjelag fyrir Suðurland, ef til kæmi. Og þótt því gæti orðið framgengt, að mynda almennt ábyrgðarfjelag fyrir fiskiveiðaþilskip, sem gjörð eru út hjer á landi, þá fæ jeg ekki sjeð, að löggjafarvaldið geti látið til sín taka um málið án þess að hlutaðeigandi skipseigendur gefi neitt tilefni til þess. Með því að gengið er út frá því í þingsályktuninni, að hið fyrirhugaða ábyrðarfjelag sje byggt á innbyrðis og þá sjálfsagt sjálfráðinni ábyrgð, virðist svo, sem útgjörðarmennirnir sjálfir verði að vera frumkvöðlar að því að mynda fjelagið, þannig að þeir sjálfir kveði á um stofnun þess og fyrirkomulag, og samþykki nauðsynleg fjelagslög, allt án þess löggjafarvald landsins grípi fram í það. Á hinn bóginn hefir fjárveitingarvaldið sýnt, að það er fúst á að styrkja slík fyrirtæki, þegar hlutaðeigandi útgjörðarmenn eru frumkvöðlar að þeim, með því að veita styrk til þess að koma á fót ábyrgðarfjelagi á Vestfjörðum, eins og áður er fram tekið.

Samkvæmt því, sem jeg þannig hefi tekið fram, verð jeg að vera þeirrar skoðunar, að þingsályktun sú, sem hjer er um að ræða, sje ekki til þess fallin, að hún sje til greina tekin.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um embættislán handa prestakalli** **84**
(Ágrip). — Með brjefi þessu samþykkti landshöfðingi, að presturinn að Hall- 28. maí
dórsstöðum í Bárðardal mætti taka allt að því 1200 kr. embættislán upp á Lundarbrekkuprestakall, er afborgist á 20 árum með 60 kr. á ári auk vaxta, til þess að byggja á prestsetrinu íbúðarhús, 21 al. á lengd og 7 al. á breidd, með venjulegum skilyrðum, þar á meðal að húsinu sje haldið í ábyrgð fyrir að minnsta kosti 2600 kr., og að presturinn eða bú hans skili því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi.